

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir „Aurora Observatory“, nr. 737/2013.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Markmið stofnunarinnar er að koma á fót og reka rannsóknarsetur sem einbeitir sér að rannsóknum á norðurljósum, loftslagi og lífríki á norðurslóðum og öðrum tengdum rannsóknum og verkefnum í samstarfi kínverskra, íslenskra og alþjóðlegra aðila. Einnig að skipuleggja og sjá um kynningarstarfsemi vegna starfseminnar, þ.m.t. rekstur gestastofu.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að keypt og/eða leigð verði fasteign undir rannsóknarsetur og aðbúnað og rekstur tengdan því.

6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm einstaklingum til þriggja ára í senn skv. tilnefningum þannig:

Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís) tilnefnir tvo og skal annar þeirra gegna stöðu formanns. Heimskautastofnun Kína (Polar Research Institute of China - PRIC) tilnefnir tvo.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga tilnefnir einn.

Að öðru leyti en að ofan greinir skiptir stjórnin sjálf með sér verkum og kýs sér varaformann og ritara. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

Stjórn er einnig heimilt að skipa faghópa til ráðgjafar um afmörkuð viðfangsefni á verksviði stofnunarinnar. Skal við skipan þeirra koma skýrt fram hvert hlutverk og umboð þeirra er ásamt starfstíma.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir „Aurora Observatory“ staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 13. desember 2019,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.